

## Nýr kjarasamningur við Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna

Þann 25. mars 2020 undirrituðu samninganefndir Sambands íslenskra sveitarfélaga og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna nýjan kjarasamning sem gildir frá 1. janúar 2020 til 30. september 2023.

### Helstu atriði samningsins eru:

#### Hækkun launa

- 1. janúar 2020 hækka laun um kr. 17.000 kr.
- 1. apríl 2020 hækka laun um kr. 24.000 kr.
- 1. janúar 2021 hækka laun um kr. 24.000 kr.
- 1. janúar 2022 hækka laun um kr. 25.000 kr.
- 1. janúar 2023 tekur launatafla 5 gildi.

Þegar endurnýjaður kjarasamningur á almennum vinnumarkaði liggur fyrir á árinu 2022, skal launatafla 5 taka sömu niðurstöðu frá 1. janúar 2023 til 30. september 2023 samkvæmt samningsniðurstöðu þeirra sem fá greidd laun samkvæmt kaupþöxtum á almennum vinnumarkaði.

#### Eingreiðsla 1. apríl 2020

Uppgjörsgreiðsla fyrir tímabilið 1. ágúst 2019 til 31. desember 2019, kr. 105.000, sem greiðist þann 1. maí 2020 (misritaðist 1. febrúar 2020 í kjarasamningi) hverjum starfsmanni miðað við fullt starf sem var við störf frá 1. ágúst 2019 til 31. desember 2019. Upphæðin greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall. Full upphæð fyrir tímavinumenn miðast við 627 unnar stundir á tímabilinu frá 1. ágúst til 31. desember en annars hlutfallslega.

#### Grein 1.5.1 um yfirvinnukaup breytist þann 1. október 2020

Yfirvinna er greidd með tímakaupi, sem skiptist í yfirvinnu 1 og yfirvinnu 2.

Tímakaup yfirvinnu 1 er 0,9385% af mánaðarlaunum en tímakaup yfirvinnu 2 er 1,0385% af mánaðarlaunum.

Greiðsla fyrir yfirvinnu skal vera með eftirtöldum hætti:

Yfirvinna 1: Kl. 08.00 - 17.00 mánudaga – föstudaga.

Yfirvinna 2: Kl. 17.00 - 08.00 mánudaga – föstudaga.

Yfirvinna 2: Kl. 00.00 - 24.00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga.

Tímakaup yfirvinnu 2 greiðist jafnframt fyrir vinnu umfram 40 stundir á viku (173,33 stundir miðað við meðalmánuð).

#### Grein 1.6.3 um álagsgreiðslur er ný

Greiðsla fyrir bakvakt á dagvinnutímabili skv. gr. 2.2.1 er 33,33% álag.

#### Grein 1.7.1 er ný

Starfsmaður í 100% starfshlutfalli fær greidda persónuuppbót 1. maí og 1. desember ár hvert. Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma síðustu 12 mánuði fyrir greiðsludag. Hafi starfsmaður gengt hlutastarfi eða starfað hluta úr ári, skal hann fá greitt hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Hafi starfsmaður látið af störfum á árinu vegna aldurs skal hann fá greidda persónuuppbót hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Sama hlutfallsregla gildir ef starfsmaður var frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu vinnuveitanda lýkur eða vegna fæðingarorlofs sbr. 8. gr. laga nr. 95/2000. Sjá einnig gr. 11.1.8.

Persónuuppbót er föst fjárhæð og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum samningsins. Á persónuuppbót reiknast ekki orlofslaun.

Áunnin persónuuppbót skal gerð upp við starfslok starfsmanns.

Persónuuppbót miðað við 100% starfshlutfall á samningstímanum verður sem hér segir:

1. desember 2019	kr. 115.850.
1. maí 2020	kr. 50.450.
1. desember 2020	kr. 118.750.
1. maí 2021	kr. 51.700.
1. desember 2021	kr. 121.700.
1. maí 2022	kr. 53.000.
1. desember 2022	kr. 124.750.
1. maí 2023	kr. 54.350.

### **Grein 1.9 um þrekálag er ný**

Sérstakt þrekálag/reykköfunarálag skal greitt þeim starfsmönnum sem standast þrekpróf 2 samkvæmt heilsufarsstefnu aðila, sem viðurkennt er af Brunamálastofnun, sjá gr. 6.8.1. Þrekpróf 2 er fyrir starfsmenn sem stunda reykköfun.

Þrekálagið er föst krónutala sem greiðist í tólf mánuði. Að þeim tíma liðnum er prófið þeytt að nýju. Þrekálag tekur almennum hækkunum skv. grein 1.1.1., en á fjárhæðina reiknast ekki orlof. Þrekálag verður sem hér segir:

Frá 1. janúar 2020	kr. 16.475.
Frá 1. janúar 2021	kr. 17.266.
Frá 1. janúar 2022	kr. 18.094.
Frá 1. janúar 2023	Upphæðin miðast við niðurstöðu í launatöflu 5.

### **Grein 2.7.1 um fastar vaktgreiðslur breytist**

Slökkviliðsmönnum sem eingöngu ganga 12 tíma vaktir samkvæmt vaktskrá skal greiða, auk fastra mánaðarlauna skv. 1.1.1, þann tímafjölda, sem hér greinir í hverjum mánuði:

33,33% vaktaálag 27,83 klst.

55,00% vaktaálag 98,70 klst.

90,00% vaktaálag 3,84 klst.

Orlof er innifalið í útreikningum þessum.

Um greiðslur fyrir aðrar tegundir vaktavinnu fer samkvæmt gr. 1.6 og gr. 2.6.

### **Fæði og mótuneyti grein 3.4.3 - 3.4.5**

Fæðispeningar hækka í 647 kr.

### **Orlof grein 4.1.1**

Lágmarksorlof skal vera 240 vinnuskyldustundir (30 dagar) miðað við fullt ársstarf. Starfsmaður sem hefur unnið hluta af fullu starfi eða hluta úr ári skal fá orlof 20 vinnuskyldustundir fyrir fullt mánaðarstarf.

### **Starfsmenntunarsjóður LSS grein 13.4 breytist**

Launagreiðandi greiðir sérstakt gjald í Starfsmenntunarsjóð LSS. Gjald þetta skal nema 0,80% af heildarlaunum félagsmanna í LSS.

### **Lífeyrissjóðsiðgjöld grein 13.5 breytist**

Iðgjald starfsmanns sem aðild á að A-deild eða V-deild Brúar lífeyrissjóðs skal vera 4% af heildarlaunum starfsmanns og mótframlag vinnuveitanda skal vera 11,5%.

### **Félagsmannasjóður ný grein 13.8**

Launagreiðandi greiðir mánaðarlega framlag í Félagsmannasjóð sem nemur 1,24% af heildarlaunum starfsmanna.

Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram 1. febrúar ár hvert samkvæmt stofnskrá sjóðsins.

### **Tryggingasjóður ný grein 13.9**

Launagreiðandi greiðir mánaðarlega framlag í Tryggingasjóð sem nemur 0,75% af heildarlaunum starfsmanna.

### **Grein 14.1 um hlutastarfandi slökkviliðsstjóra fellur úr gildi**

### **Greinar 14.2 og 14.3 um hlutastarfandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn falla úr gildi 31. desember 2021**

Með reglugerð um starfsemi slökkviliða nr. 747/2018 er gerð grundvallarbreyting á starfsemi slökkviliða. Samningsaðilar eru sammála um að aðlaga kjarasamninginn að þeim skipulagsbreytingum og þeim kröfum sem reglugerðin gerir til starfa slökkviliðsmanna. Frá og með 1. janúar 2022 fellur 14. kaflinn úr kjarasamningi aðila án frekari uppsagnar.

Frá þeim tíma skulu allir slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn vera ráðnir í starfshlutfall og taka laun samkvæmt starfsmati. Slökkviliðsstjórar og varaslökkviliðsstjórar eru launasettir samkvæmt ákvæðum í fylgiskjali 4. Um réttindi og skyldur þeirra fer að öðru leyti samkvæmt kjarasamningi þessum.

### **Greiðsla fyrir boðtæki 14.4.3**

Þar sem hlutastarfandi starfsmenn slökkviliða/sjúkraflutninga bera boðtæki að ósk yfirmanns. skal þeim útvegað boðtæki og greitt árlega sem hér segir:

1. maí 2020	kr. 18.489
1. október 2020	kr. 18.489
1. maí 2021	kr. 19.377
1. október 2021	kr. 19.377

### **Grein 14.4 um önnur ákvæði fellur úr gildi 31. desember 2021**

#### **Stytting vinnuviku**

Um styttingu vinnutíma fyrir dagvinnumenn fer samkvæmt fylgiskjali 2.

Aðilar eru jafnframt sammála um að fresta innleiðingu á fylgiskjali 3, samkomulagi um útfærslu vinnutíma vaktavinnufólks, um óákveðinn tíma. Samstarfsnefnd aðila mun vinna að undirbúningi innleiðingar á fylgiskjali 3. Meðan sú vinna er í gangi gildir eftirfarandi fyrir vaktavinnufólk:

Eigi síðar en frá 1. maí 2021 ávinnur starfsmaður sér 13 mínútna styttingu vinnutíma fyrir hverja vakt óháð lengd.

#### **Gildistími, gildissvið og samningsforsendur**

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjöllum, upp til afgreiðslu fyrir 8. apríl 2020. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 16:00 þann 8. apríl 2020 skoðast samningurinn samþykktur.